

Nd.

## 214. Fyrirspurn

til ráðherra.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Hverjar eru ástæður stjórnarinnar fyrir því að leyfa,

að viðskiftaráðunauturinn þvert ofan í erindisbrjef hans frá 30. júlí 1909 (sbr. brjef stjórnarráðsins til utanríkisráðaneylis Dana frá 17. des. 1909) og skilyrði síðasta þings fyrir fjárveitingunni til hans (sbr. Alþt. 1911, B. I, 272) bæði með blaðamensku og þingmensku fáiist við pólitíska starfsemi?

að hann dvelji mánuðum saman hjer á landi við önnur launuð störf, en taki þó á sama tíma full laun sem viðskiftaráðunautur?

að hann gagnstætt reglu þeirri, sem sett er í brjefi stjórnarráðsins frá 9. mars 1910, telji til aukakostnaðar (ferðakostnaðar) dagleg útgjöld, (húsnæði, fæði o. s. frv.), þegar hann »heldur kyrru fyrir heima, þ. e., þar sem dvalið er til nokkurra langframa«?